

8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálpi, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálpi og reglugerð þessari, greiðist að einum þriðja úr ríkissjóði, en $\frac{2}{3}$ úr sjóði Selfosshrepps.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálpi í viðlögum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

Nr. 325.

7. júlí 1975.

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðakauptúni.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Egilsstaðahrepps, hefir eftirfarandi verið ákveðið varðandi umferð í Egilsstaðakauptúni:

1. Stöðvunarskyldumerki verði sett beggja megin Fagradalsbrautar við gatnamót við Tjarnarbraut.
2. Biðskyldumerki verði sett upp við þessar götur gagnvart Fagradalsbraut, þ. e. Kaupvang, Lagarás, Selás og við söluskála K.H.B.
3. Biðskyldumerki verði sett við þessar götur gagnvart Tjarnarbraut, þ. e. Skógarlönd, Tjarnarlönd, Selás, Furuvelli, Reynivelli, Brávelli og Útgarð.
4. Biðskyldumerki verði sett við veginn heim að bóndabýlinu Egilsstöðum.
5. Biðskyldumerki verði sett við Vallaveg gagnvart Fagradalsbraut og Norðurlandsvegi.
6. 35 km hámarksbraði gildi almennt í kauptúninu, en 45 km hámarksbraði á Fagradalsbraut og Norðurlandsvegi að afleggjara að flugvelli.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 7. júlí 1975.

Valtýr Guðmundsson.

Nr. 326.

2. júlí 1975.

AUGLÝSING

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

Samkvæmt 2. tölulíð 4. gr. reglugerðar nr. 107 30. maí 1974, er sjúkrasamlögum heimilt að greiða samkvæmt ákvæðum staflíðs e í 2. tölulíð 2. greinar reglugerðar-

innar, sérlyfið **Behepan, Kabi**, sem er óskráð sérlyf, en notað samkvæmt sérstakri heimild.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júlí 1975.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

16. júní 1975.

Nr. 327.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975:

Smáfiskur 60/100:

Nr. I	kr. 160.00
Nr. II	— 145.00
Nr. III	— 130.00

Verð þessi eru f.o.b.

Verðbil verði 3%, er miðist bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðhættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júní 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

1. júlí 1975.

Nr. 328.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga svo og greiðslur skv. 73. gr. laga nr. 67/1971 skulu hækka um 8% frá 1. júlí 1975. Þessi hækkun kemur til viðbótar þeirri 3% hækkun, sem verða átti 1. júlí skv. 6. gr. laga nr. 13 frá 23. maí 1975, þannig að heildarhækkun þessara bóta frá 1. júlí verður 11% frá því, sem í gildi var í júní.

Tekjutrygging (uppbót á lífeyri) skv. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971, skal hækka um 8% frá 1. júlí frá þeim upphæðum, sem tiltekna eru í 7. gr. laga nr. 13/1975. Önnur ákvæði nefndrar lagagreinar haldast óbreytt.